



Hafnarfjörður

Hafnarfjörður 16. nóvember 2023

Minnisblað vegna erindis Fimleikafélags Hafnarfjarðar varðandi fyrirframgreiðslu vegna væntanlegs samnings um knatthúsið Skessuna - Uppfært

Málsnúmer 2302533 – Kaplakriki, fasteignir, eignarhald

Þann 14. nóvember sl. barst Hafnarfjarðarbæ erindi frá Fimleikafélagi Hafnarfjarðar (FH) varðandi fyrirframgreiðslu vegna væntanlegs samnings um knatthúsið Skessuna. Forsvarsmenn FH höfðu á fundi 19. september sl. óskað eftir því að bærinn annað hvort keypti knatthúsið eða gerði afturvirkna leigusamning um húsið. Bærinn átti fund með forsvarsmönnum FH aftur þann 3. nóvember sl. þar sem þeim var sagt að bærinn hygðist leggja til að óháður aðili færi yfir reikningsskil FH til að tryggja rekstur félagsins til framtíðar og virði hússins m.t.t. byggingarkostnaðar hússins og rekstur þess til framtíðar áður en bærinn gæti tekið ákvörðun varðandi beiðni FH. Þar sem fyrirséð er að úttektin muni taka tíma óskaði Hafnarfjarðarbær eftir tillögum frá FH hvernig leysa mætti lausafjárnanda félagsins til skamms tíma og yrði sú lausn hluti af endanlegri lausn málsins.

Í erindi sínu til bæjarráðs óskar FH eftir því að Hafnarfjarðarbær greiði FH kr. 120.331.000,- sem innágreiðslu á væntanlega samning um kaup Hafnarfjarðar á knatthúsinu Skessunni og leiðréttingu á afnotasamningi vegna hússins á árunum 2020 til 2023 ásamt nýjum rekstrarsamningi til framtíðar. Meðfylgjandi lagði FH fram eftirfarandi skjöl sem eru meðfylgjandi:

1. Fjárstreymi vegna Skessunnar 2020 til 2023
2. Yfirlit viðskiptaskulda (og greiðsluáætlun) Fimleikafélagsins sem til hafa orðið vegna Skessunnar

Lagt er til að Hafnarfjarðarbær verði við því erindi að greiða til félagsins sem svarar andvirði þeirra reikninga sem eru til greiðslu frá nóvember 2023 til janúar 2024 vegna fyrirhugaðs samnings á milli FH og Hafnarfjarðarbæjar vegna knatthússins Skessunnar og verði þessar greiðslur hluti af lokasamningi varðandi málið. Allar greiðslur verða greiddar gegn framlagningu á reikningum og gegn því að tryggt verði að greiðsla Hafnarfjarðarbæjar fari eingöngu til greiðslu þessa reikninga. Hafnarfjarðarbær og FH skulu komast að samkomulagi hvernig tryggt verði að greiðslur bæjarins fari eingöngu til greiðslu þessara reikninga. Hámarksgreiðsla í hverjum mánuði verður skv. greiðsluáætlun sem FH hefur lagt og fram og til þeirra aðila sem taldir eru upp í greiðsluáætluninni.

Verði tillagan samþykkt þarf að gera viðauka við fjárhagsáætlun 2023.

Helga Benediktsdóttir
Sviðsstjóri fjármálasviðs